

Þriðjudaginn 24. júní 1986.

Nr. 270/1985. **Helgi Reynir Björgvinsson og**
Hanna Nielsdóttir
 gegn
Gylfa Sigurgeirssyni

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. desember 1985, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s.m., til þingfestingar 3. febrúar 1986. Fékk hann þá frest til júnímánaðar 1986. Er málið var tekið fyrir 2. júní sl. báðu áfrýjendur um að því yrði frestað til október nk. en stefndi andmælti því að frekari frestur yrði veittur.

Telja verður að áfrýjendur hafi þegar haft nægan frest til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti. Að svo vöxnu þykir ekki fært að veita frekari frest í því gegn andmælum stefnda. Ber því að vísa því frá Hæstarétti og dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Helgi Reynir Björgvinsson og Hanna Nielsdóttir, greiði stefnda, Gylfa Sigurgeirssyni, 2.500,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.
